



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Sunnudagaskóli, kirkjukrakkar og TTT

„Gleði, gleði gleði!“

Já, „gleði líf mitt er, því Jesús Kristur það gefið hefur mér.“ Þannig hefst einn af söngvum sunnudagaskólans sem við syngjum í vetur. Í barnastarfinu er gleðin ríkjandi og í kirkjunni gefst tækifæri fyrir börn, foreldra, afa og ömmu og alla aðra, til að eiga saman skemmtilega og uppbyggilega stund. Börnin kynnast Jesú og kærleika hans í gegnum biblúsögur, söng, leiki og samtal og ekki síst þegar við tölum við Guð og biðjum saman.

Sunnudagaskólinn er kl. 11.00 í Safnaðarheimilinu.

Einu sinni í mánuði eru fjölskylduguðsþjónustur í kirkjunni þar sem barnakórarnir syngja og börn úr kirkjustarfinu aðstoða við helgihaldið. Allir eru velkomnir í sunnudagaskólann og fá þar að njóta sín og finna að þeir eru mikilvægir. Við erum jú öll dýrmat börn Guðs, á öllum aldri!

Umsjón með sunnudagaskólanum í vetur hafa sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir, Heimir Bjarni Ingimarsson og Sigríður Hulda Arnardóttir ásamt leiðtogum.

Kirkjukrakkar (1.-4. bekkur) eru á miðvikudögum kl. 15.00-16.00 í Safnaðarheimilinu.

Mikill söngur, biblúsögur, brúðuleikrit, leikir og fönður eru í boði hjá Kirkjukrökkum. Ef veður er gott förum við út í leiki og gönguferðir og á aðventu skreytum við piparkökur og undirbúum árlega jólatrésskemmtun kirkjunnar. Þátttaka er krökkunum að kostnaðarlausu.

Umsjón hefur sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir ásamt leiðtogunum Erlu Guðjónsdóttur og Eyrúnu Eyjólfsdóttur.

TTT (5.-7. bekkur) er á miðvikudögum kl. 17.00- 18.00 í Safnaðarheimilinu.

Biblúfræðsla og fjör, leikir, söngvar, þrautir, spuni og leikrit eru á dagskrá hjá TTT. Í nóvember tókum við þátt í árlegu TTT móti ÆSKEY sem haldið verður á Dalvík í ár. Mótið verður auglýst á fundunum þegar nær dregur, við hvetjum alla TTT krakka til að mæta og nýjir meðlimir eru sérstaklega boðnir velkomnir. Ekki þarf að skrá sig í TTT, en skráningar er þó þörf fyrir mót og aðrar uppkomur sem hópurinn stendur fyrir og tekur þátt í.

Umsjón hafa sr. Sólveig Halla, Óli Dagur og Hafsteinn.

Æ.F.A.K. – Eskulýðsfélag Akureyrarkirkju.

Félagið hefur verið í miklum blóma

undanfarin ár og mun starfið hefjast á ný þann 16. september. Margt skemmtilegt er á dagskrá s.s. videókvöld, útsvar, Mission imposseble og fleira.

Félagið er opið öllum unglingum í

8.-10. bekk og fundir eru á miðvikudagskvöldum kl. 20.00-21.00.

Umsjón Tinna Hermannsdóttir leiðtogi, Eva María Karvelsdóttir og Sólveig Halla Kristjánsdóttir.



Söngur og gleði í barnastarfinu.

Upphaf vetrarstarfs

Nú á sunnudaginn hefst vetrarstarf Akureyrarkirkju með formlegum hætti.

Fjölskylduguðsþjónusta verður í kirkjunni kl. 11.00. Að henni lokinni funda prestar kirkjunnar með fermingarbörnum og forráðamönnum þeirra, í kirkjunni. Þar verður spjallað um fermingarfræðsluna og fleira.

Hægt verður að skrá fermingarbörnin í Safnaðarheimilinu og einnig verður tekið við skráningum þriðjudaginn 15. september milli kl. 16.00 og 17.00.

Eftir messu verður opið hús í Safnaðarheimilinu. Þar verða léttar veitingar og kynning á vetrarstarfi kirkjunnar. Allir eru hjartanlega velkomnir.



Söngur í sunnudagaskólanum.

Prestar við Akureyrarkirkju

Sr. Svavar Alfreð Jónsson, sóknarprestur, tók til starfa 1. ágúst eftir veikindafrí.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson hefur fengið leyfi frá störfum sínum í Akureyrarprestakalli til áramóta. Þau sr. Gylfi Jónsson og sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir leysa sr. Óskar af til 1. nóvember en sr. Guðmundur Guðmundsson og sr. Jóna Lovísa sjá svo um afleysinguna út árið.

Ljósberasjóður Akureyrarkirkju

Undanfarin ár hefur starfað svonefndur Ljósberasjóður í Akureyrarkirkju. Hann var stofnaður í minningu sr. Þórhalls Höskuldssonar heitins sem var prestur við kirkjuna. Sjóðurinn á að vera til stuðnings þeim efnaminni. Kreppan bitnar mest á þeim og er því ástæða til að minna á sjóðinn núna. Þeir sem vilja koma framlögum í hann geta lagt inn á reikning sjóðsins hjá Kaupþingi, 0302-13-701414, kt. 410169-6149.



Um kórastarf í Akureyrarkirkju

Gríðarlega öflugt kórastarf er við Akureyrarkirkju. Sex kórar starfa með einum eða öðrum hætti við kirkjuna. Hlutverk þeirra er fjölbreytt og taka þeir mismikinn þátt í helgihaldinu.

Kór Akureyrarkirkju. Í kórnum eru rúmlega 70 félagar á öllum aldri. Hlutverk kórsins er að leiða söng og sjá um metnaðarfullan tónlistarflutning við helgihaldið. Auk þess heldur kórinn a.m.k. ferna sjálfstæða tónleika við kirkjuna ár hvert, fer í tónleikaferðir og syngur við ýmis tilefni utan kirkjunnar. Félagsstarf kórsins er mjög öflugt. Boðið er upp á ýmis námskeið, raddþjálfun o.fl. Kórinn syngur allur einu sinni í mánuði í messu og auk þess er kórnum skipt í fjóra hópa sem skiptast á að syngja í messum. Hver hópur syngur 3-4 sinnum á hverri önn. Laus eru pláss í öllum röddum kórsins. Kórinn æfir á þriðjudögum frá kl. 20.00-22.00. Stjórnandi kórsins er Eyþór Ingi Jónsson.

Stúlnakór Akureyrarkirkju. Í kórnum eru 30-40 stúlkur á aldrinum 13-17 ára. (fæddar '92-'96). Kórinn



Kór Akureyrarkirkju.

syngur við kvöldmessur einu sinni í mánuði, heldur eigin tónleika og tekur reglulega þátt í tónleikum með þjóðþekktum tónlistarmönnum. Kórinn æfir á fimmtudögum frá kl. 17.00-19.00. Stjórnandi stúlnakórsins er Eyþór Ingi Jónsson.

Eldri barnakór Akureyrarkirkju. Í kórnum eru strákar og stelpur úr 5.-7. bekk grunnskóla. Mikil áhersla verður lögð á að byggja upp öflugt

barnakórastarf í vetur og mun kórinn koma fram við ýmis tækifæri. Æfingar eru á fimmtudögum frá kl. 16.00-17.00. Stjórnandi kórsins er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Yngri barnakór Akureyrarkirkju. Í kórnum eru börn úr 2.-4. bekk grunnskóla. Hlutverk kórsins er að syngja við fjölskyldumessur. Í báðum kórnum er lögð áhersla á uppbyggilega tónlistarkennslu og jákvæðan aga í

sambland við kennslu í fallegrri framkomu. Æfingar eru á fimmtudögum frá kl. 15.00-16.00. Stjórnandi kórsins er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Nýr kór fyrir ungar konur. Til að koma til móts við mikla eftirspurn um kórastarf fyrir ungar konur verður stofnaður nýr kór fyrir konur á aldrinum 18-25 ára. Kórinn hefur ekki fast hlutverk við helgihald kirkjunnar, en mun þó taka þátt í því. Fyrst og fremst verður kórinn hugsaður sem tónleikakór með mikinn metnað í efnisvali.

Nánari upplýsingar veitir stjórnandinn, Eyþór Ingi Jónsson.

Hymnodia. Kammerkórinn Hymnodia hefur vakið mikla athygli fyrir öflugt tónleikahald, frumlega framkomu og fjölbreytt efnisval. Kórinn er eingöngu tónleikakór og tengist kirkjunni aðeins óbeint. Ekki er laust pláss í kórnum í vetur. Stjórnandi kórsins er Eyþór Ingi Jónsson.

Tekið er á móti umsóknum í kórana og fyrirspurnum í netfangið organistar@akirkja.is eða í síma 462 7702.

Tólf sporastarf í Akureyrarkirkju

Er kominn tími á breytingar í þínu lífi? Ert þú föst/fastur í gömlu hegðunarmynstri sem þú vilt ekki lengur vera í?

Ef svo er, þá eru 12 sporin lykill að bættri og betri líðan. Markmið 12 Sporanna er að kynna sjálfri/sjálfum



Akureyrarkirkja.

sér betur, takast á við erfiðar tilfinningar, vinna með kvíða, ótta, reiði og vanlíðan og ná stjórn á lífi sínu og tilfinningum.

Með hjálp 12 sporanna lærir þú að settast við fortíðina og byggja upp nýja framtíð á sterkum stöðum.

12 Sporin eru andlegt ferðalag, sem veita þér nýja lífssýn og nýtt líf. Umsjón með starfinu hefur Brynja Siguróladdóttir sem hefur leitt 12 sporahópa í Akureyrarkirkju undanfarin þrjú ár.

Fundir eru á miðvikudögum klukk- an 20.00-22.00 í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.

Kynningarfundur á 12 sporunum og starfi vetrarins verður þann 16. september kl. 20.00, allir velkomnir. Einnig verður hægt að fá upplýsingar á Opnu húsi í Safnaðarheimilinu þann 13. september að lokinni messu.

Kvenfélag Akureyrarkirkju:

Starfsemin með svipuðu sniði

Starfsemi Kvenfélags Akureyrarkirkju verður með líku sniði og undanfarin ár, sem felst meðal annars í því að sjá um ýmisskonar veitingar og þjónustu í þágu kirkjunnar.

Fastir fundir félagsins eru fjórir á ári þ.e. haustfundur, jólafundur, febrúarfundur og aðalfundur er svo í maí, á

þessum fundum er reynt að hafa eitthvað efni til fróðleiks og skemmtunar.

Hinn árlegi fjáröflunardagur er sunnudaginn 15. nóvember, en þá er félagið með kaffisölu eftir messu og einnig verða seldir lukkupakkar og hin fallettu tækifæriskort félagsins.



Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola Cantorum.

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju

Tónleikar sumarsins voru alls fjórir, og er þetta í tuttugasta og fjórða sinn sem þessi tónleikaröð er haldin, og voru tónleikagestir um 450 talsins.

Flytjendur í ár voru Eyþór Ingi Jónsson, organisti Akureyrarkirkju, Kristjana Arngrímsdóttir, söngkona, kammerkór Hallgrímskirkju, Schola Cantorum, ásamt stjórnanda sínum Herði Áskelssyni, Björn Steinar Sólbergsson, orgelleikari, Christoph Pülsch, orgelleikari frá Þýskalandi,

Mariya Semotyuk, flautuleikari frá Úkraínu og David Schlaffke, orgelleikari frá Þýskalandi. Eins og sjá má komu listamennirnir víða að og fluttu afar fjölbreytta tónlist, allt frá lágstemmdum íslenskum þjóðlögum til kraftmikillar tuttugustu aldar orgelverka. Áheyrendur komu líka víða að, allt frá Eyjarlandsvegi til Víetnam, og það gleður okkur að geta boðið gestum kirkjunnar upp á ókeypis tónlistarflutning frá bærra listamanna.



Fermingarnámskeið á Vestmannsvatni

Fermingarfræðslu var ýtt úr vör með fermingarnámskeiði í Kirkjumíðstöðinni við Vestmannsvatn dagana 13. – 19. ágúst. Fermingarnámskeiðin eru fastur liður í fermingarfræðslu Akureyrarkirkju og eru skipulögð í samstarfi við grunnskólanna. Fermingarbornin velja hvort þau vilji taka þátt í þessum upphafssamverum fræðslunnar og að þessu sinni komu um 80 börn á námskeiðin sem voru þrjú, einn sólarhringur í senn. Fermingarnámskeiðin innihalda auðvitað fræðslu um kristna trú en einnig er lagt mikið upp úr því að eiga góðar stundir, fara í leiki og fleira. Umhverfið á Vestmannsvatni er mjög fallett og þegar veður er gott, eins og það var í ár, erum við mikið úti. Þá eru bátarnir vinsælir, útileikar, gönguferðir og ekki má gleyma berjatinu.

Fermingarfræðlan hefst svo að fullum krafti þriðjudaginn 22. september, en þá mætir fyrsti hópurinn í fræðslu í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Fræðslustundirnar til áramóta eru sem hér segir:

Hópur I: Brekkuskóli kl. 15-17
(22. sept., 13. okt., 3. nóv., 24. nóv., 15. des.)

Hópur II: Lundarskóli kl. 15-17
(29. sept., 20. okt., 10. nóv., 1. des.)

Hópur III: Oddeyrarskóli og Lundarskóli kl. 15-17
(6. okt., 27. okt., 17. nóv., 8. des.)

Stundirnar verða auglýstar í Dagskránni en einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu kirkjunnar, www.akirkja.is

Fermingarfræðslan er í umsjá sr. Svavars A. Jónssonar, sr. Sólveigar Höllu Kristjánsdóttur og sr. Jónu Lovísu Jónsdóttur.

Fermingardagar 2010 eru:

Laugardagurinn	27. mars
Pálmásunnudagur	28. mars
Laugardagurinn	22. maí
Hvítasunnudagur	23. maí
Laugardagur	29. maí
Fermt er kl. 10.30.	



Frá Vestmannsvatni.

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989. Nú starfar félagið einu sinni í mánuði frá september til maí og er áætlað að vera með fyrirlestra/erindi í hvert skipti.

Markmið samtakanna er að veita þeim stuðning sem koma að leita sér hjálpar eftir ýmis sorgaráföll er upp koma í lífinu, hvort heldur það er ástvinamissir, alvarleg veikindi, fötlun, atvinnumissir, skilnaður, gjaldþrot eða hvað annað. Það hjálpar heilmikið að geta talað við einhvern í trúnaði um sorgir sínar og finna að sá hinn sami hefur upplifað sömu tilfinningar og efasemdir um framtíðina, en getur nú litið glaður fram á veginn.

Fundir Samhygðar eru í fundarsal Akureyrarkirkju, gengið inn hjá kapellunni. Opin hús/fundirnir byrja kl. 20:00 og eru auglýstir í Dagskránni.

Opin hús/fundir haustið 2009:
10. september, opið hús spjall og kaffi.
8. október, afmæli Samhygðar, 20 ár frá stofnun samtakanna.

Erindi, Dr. Sigríður Halldórsdóttir, ávarp, Sigrún Björk Jakobsdóttir, söngur, spjallþáttur, veitingar og fyrirbænastund.

12. nóvember, Eyrún K. Gunnarsdóttir sálfræðingur á F.S.A. með erindið „Börn og sorg“.

10. desember, Guðrún Eggertsdóttir sjúkráhusprestur með erindi tengt jólnunum.

14. janúar, opið hús spjall og kaffi.

8. apríl, Kristín S. Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur með erindið „*Að þreyja sorgina*“.

6. maí, Kristján Már Magnússon, sál-

fræðingur með erindið „*Að vinna með sorgina*“.

Aðrar dagsetningar á Opnum húsum á vorönn eru, **11. febrúar** og **11. mars** og er á áætlun erindi um sjálfsvíg sem Sigmundur Sigfússon geðlæknir fjallar um og barnsmíssi, nánar auglýst síðar.

Nánar auglýst í Dagskránni fyrir hvern fund.

Stjórn Samhygðar

veturinn 2009 – 2010

Kristín E. Sveinbjörnsdóttir,

formaður

Hugrún Stefánsdóttir, gjaldkeri

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir

Annetta Maria Norbertsdóttir

Varastjórn:

Ólöf Tryggvadóttir

Netfang Samhygðar:

kittyes@simnet.is

Veffang Samhygðar:

www.kirkjan.is/ejjaffjardarprofastsdaemi

og inn á heimasíðu Akureyrarkirkju

www.akirkja

Mömmumorgnar á miðvikudögum

Alla miðvikudagsmorgna í vetur, frá kl. 9.30 til 11.30, verður boðið upp á notalega stund fyrir foreldra með ungbörn sín í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.

Einu sinni til tvisvar í mánuði verður boðið upp á fræðslu, t.d. ungbarnaudd, hreyfingu eftir meðgöngu, barnasjúkdóma og fleira. Hvetjum við foreldra til að koma og leyfa börnunum að hitta önnur börn og foreldrar að spjalla. Kaffisopi og svaldrykkur er í boði, aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



Sýning Örnú Valsdóttur, „bljóði“.

Kirkjulistavika

Kirkjulistavika var haldin í Akureyrarkirkju, vikuna 3. – 10. maí og tókst ákaflega vel. Lagt var upp með að hafa dagskrána sem fjölbreyttasta og að hafa frekar fleiri og lágstemmdari viðburði heldur en eina flugeldasýningu og að sem flestar tegundir listgreina kæmust að.

Einnig að hafa eitthvað í boði fyrir flesta aldurshópa og óhætt er að segja að farnar hafi verið ótroðnar slóðir með því að bjóða upp á námskeið í magadansi, krílasálmásöng, innsetningaverk í kirkjuturni og kvikmyndasýningu. Þessum nýjungum var afar vel tekið og um 1400 gestir komu á alla viðburði vikunnar.

Nálægt 350 manns voru á loka-

tónleikunum sem tókust mjög vel, enda Kór Akureyrarkirkju búinn að æfa stíft, tónlistin sem þau fluttu hentad í kórnum mjög vel og einvalið hljóðfæraleikara og einsöngvara skilðu sínu hlutverki af mikilli fagmennsku. Mikill fjöldi fólks kom að undirbúningi og framkvæmd kirkjulistaviku og þeim eru færðar bestu þakkir fyrir frábært starf. Einnig fær Menningarráð Eypings, Akureyrarbær og aðrir sem styrktu vikuna þakkir fyrir mikilvægan fjárhagsstuðning.

Nú þegar er hafinn undirbúningur fyrir næstu kirkjulistaviku sem haldin verður vorið 2011. Hugmyndirnar eru óteljandi og spennandi vinna framundan.



Kvöld- og ferðamannakirkjan sumarið 2009

Sumarið 2009 er fjórða sumarið sem boðið er upp á lengri opnunartíma og aukna þjónustu við ferðamenn í Akureyrarkirkju. Upphaflega var kvöld- og ferðamannakirkjan samstarfsverkefni Akureyrarkirkju, Biskupsstofu og Eyja fjarðarprófastsdæmis, en sl. sumar dró síðastnefndi aðilinn sig út úr samstarfinu, þannig að ferðamannakirkjan starfaði nú í tvo mánuði í stað þriggja, þ.e. frá 15. júní til 15. ágúst.

Starfið var með svipuðu sniði og undanfarin ár, kirkjan opin til 22.00 virka daga nema miðvikudaga til kl. 20.00. Prestur er til staðar í kirkjunni, annast kvöldbænir kl. 20.00, sýnir kirkjuna, spjallar við gesti og sinnir því sem þarf, t.d. sálgæsluviðtölum.

Starfið hefur fest sig í sessi undanfarin sumur, fararstjórar vita af þjónustunni og segja ferðamönnum frá henni og panta stundum sérstakar bæna- eða helgistundir fyrir hópa sem þeir eru að ferðast með. Þeir hafa allir lýst yfir mikilli ánægju með þjónustuna og lengri opnunartíma, en það er mjög algengt að hópar útlendinga sem eru á

ferð um landið komi ekki fyrir en undir kvöldið á áfangastað. Sömu sögu er að segja um íslenska ferðamenn.

Á sunnudögum er alþjóðleg helgistund kl. 20.00. Tónlistarflutningur í helgistundunum var í sumar í höndum sjálfboðaliða og kirkjuvina sem gáfu

vinnu sína, en Hermann Arason sá um skipulagninguna. Þessar stundir nutu mikilla vinsælda, enda afbragðs tónlistarfólk sem þarna var á ferð. Hafi þau öll hjartans þakkir fyrir ómetanlegt framlag sitt.

Fréttir af starfi kvöldkirkjunnar



Tónlistarfólk kvöldkirkjunnar.

berast milli ferðamannahópa og leiðsögumanna og var stöðugur stígangi í þátttöku erlendra ferðamanna í helgistundunum, en þær fara fram á íslensku, ensku og þýsku, og einnig skandinavísku ef svo ber undir, t.d. þegar danskur hópur þjóddansara mætti í helgistund ásamt íslenskum gestgjöfum sínum. Að þeirri helgistund lokinni steig hópurinn þjóddansara utan við kirkjuna við gítarundirleik Hermanns, við mikinn fögnuð áhorfenda – og þátttakenda.

Kvöld- og ferðamannakirkjan og helgihald hennar er fyrir alla, ekkert síður Akureyringa og íslenska ferðamenn en erlenda gesti, en það er mjög augljóst að útlendingum finnst dýrmætt að helgihaldið og starfið er byggt þannig upp að tungumálum er gert jafnt undir höfði og helgistundirnar raunverulega alþjóðlegar. Vonandi verður hægt að halda þessari þjónustu áfram því fólk er farið að reikna með henni.

Sr. Jóna Lís Þorsteinsdóttir

Dagskrá Akureyrarsókn á næstunni

September

Sunnudagurinn 13. september,
upphaf vetrarstarfs.

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00.
Fundur með fermingar börnum og foreldrum/forráðamönnum í kirkju eftir messu.

Opið hús í Safnaðarheimili kl. 12.00 - 13.00. Léttar veitingar.

Priðjudagurinn 15. september.
Skráning fermingarbarna í Safnaðarheimili kl. 16.00 – 17.00.

Sunnudagurinn 20. september
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Messa á Kjarnalundi kl. 14.00.
Messa á Hlíð kl. 15.00.

Priðjudagurinn 22. september
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur I.

Sunnudagurinn 27. september
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11.00.
Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Priðjudagurinn 29. september
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur II.

Október

Fimmtudagurinn 1. október
Samvera eldri borgara í Safnaðarheimili kl. 15.00.

Sunnudagurinn 4. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Priðjudagurinn 6. október
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur III.

Sunnudagurinn 11. október
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11.00.
Kvöldsöngur í Akureyrarkirkju kl. 17.00.

Priðjudagurinn 13. október
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur I.

Sunnudagurinn 18. október
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Priðjudagurinn 20. október
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur II.

Sunnudagurinn 25. október
Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.
Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Priðjudagurinn 27. október
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur III.

Nóvember

Sunnudagurinn 1. nóvember
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.
Messa í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Priðjudagurinn 3. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur I.

Fimmtudagurinn 5. nóvember
Samvera eldri borgara í Safnaðarheimili kl. 15.00.

Sunnudagurinn 8. nóvember
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.

Guðsþjónusta í kapelli Akureyrarkirkju kl. 11.00.
Kvöldmessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Priðjudagurinn 10. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur II.

Sunnudagurinn 15. nóvember, kirkjudagur
Sunnudagaskóli í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14.00.
Kaffi- og lukkupakkasala Kvenfélags Akureyrarkirkju í Safnaðarheimili eftir messu.

Priðjudagurinn 17. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur III.

Sunnudagurinn 22. nóvember

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11.00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Priðjudagurinn 24. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15.00 – 17.00.
Hópur I.

Fastir liðir

Mánudagar:
Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Priðjudagar:
Morgunsöngur kl. 9.00.
Fermingarfræðsla kl. 15.00-17.00.
Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20.00-22.00.

Miðvikudagar:

Mómmumorgunn kl. 9.30-11.30.
Kirkjukrakkar kl. 15.00-16.00.
TTT kl. 17.00-18.00.
ÆFAK kl. 20.00-21.00.
Tölf sporahópur kl. 20.00-22.00.

Fimmtudagar:

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12.00.
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.
Æfing yngri barnakórs kl. 15.00-16.00.
Æfing eldri barnakórs kl. 16.00-17.00.
Æfing Stúlnakórs kl. 17.00-19.00.

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir, Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Svavar Alfreð Jónsson.

Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið og viðtalstíma prestanna er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akirkja.is, sími 462 7700.